

Hvítmaga- eignarréttur

Eigendur Ytri-Sólheimajarða stefna ríkisvaldinu til dóms vegna Hvítmögu. Ekki er nú deilt um að mörkin á milli Skóga og Ytri-Sólheima liggja um Jökulsárgil “neðra”, eða hinn forna farveg Jökulsár, þá eru mörkin um mynni Fjallgils, stuttan spöl eftir því og svo um Votugjá milli Litlafjalls og Skógafjalls. Um þessi landamörk er sátt. Vestan markanna er eignarland Skóga og austan þeirra er eignarland Ytri-Sólheima. Einnig er óumdeilt að Jökulsárgil “efra”, milli Skógafjalls og Hvítmögu skipti löndum milli Skóga og Ytri-Sólheima enda eru þessi mörk eins og þau neðri jafnframt sýslumörk og fjórðungamörk að fornu. Sýnileg eru þau á öllum kortum. Þessi deila milli ríkisvalds og eigenda Ytri-Sólheima snýst, hins vegar, um hve víðtækan eignarrétt Ytri-Sólheimar hafi á Hvítmögu.

Þær leikreglur gilda að málsaðilar vitna í gömul skjöl máli sínu til stuðnings. Þá mun og dómur í þessu máli ganga eftir skilningi dómara á þessum gömlu skjölum.

Í þessum gömlu skjölum má marglesa að Hvítmaga er tiltekin sem land Ytri-Sólheima. Það eru einkum þrjú atriði í orðalagi sem deiluaðilar skilja á sinn veg hvor. Þessi atriði eru eftirfarandi orð eða setningarhluti:

1. “*afréttur*“
2. “*norður í jökul*“
3. “*eign*”

Skilningur dómstóls á þessum atriðum ræður dómsniðurstöðu. Í eftirfarandi texta freista ég þess að túlka skilning minn á þessum hugtökum.

Landnám og hinn germanski arfur

Fræðimenn munu almennt vera sammála um að landnáminu hafi verið lokið lögum samkvæmt um 930, við stofnun Alþingis og að hinir fyrstu landnámsmenn hafi ásamt fólki sínu komið að ónumdu landi.

Í málalíbúnaði ríkisvaldsins hefur þrífaldlega verið vitnað til tilhögunar germanskra þjóða um landnýtingu.

Frá þjóðflutningatímum eða fyrr munu þessar þjóðir hafa haft þann hátt á að misstórir hópar (ættbálkur, ætt, skipsnautar, félagar) slógu eign sína á ákveðið landssvæði og litu á það sem sameign hópsins. Slík sameign var gjarnan afmörkuð að meira eða minna leiti af náttúrulegum hindrunum. Sameignin gat verið dalur afmarkaður af fjallendi eða stórskógum, fjörður, tunga milli stórfljóta o.s.fr.

Slíkur hópur járnaldarfólks með húsdýr og akuryrkju deildi fjallendu landi þannig að menn skiptu með sér láglandinu eða hluta þess og bjuggu gjarnan nokkuð þétt í þorpi. Slíkt hentaði félagslega, stjórnunarlega og hernaðarlega. Ræktunarlandið með ökrum og túnum var út frá hverju býli og myndaði krans út frá þorpinu. Þetta land var í einkaeign hvort sem það var setið af leiguliðum eða ekki.

Það land sem fjær var, hvort sem það var skóglendi eða fjallendi, var gjarnan sameign; almenningur þessa hóps; héraðs, hrepps. Þar höfðu allir rétt til að afla eldiviðar og reka búsmala sinn til beitar. Þessi réttur hefur þó lotið ákveðnum reglum og slíkt skipulag laut stjórnun foringja, hvort sem hann var titlaður konungur, jarl, hersir, goði eða annað.

Réttur bóndans eða leiguliðans til að nýta sameignina fékk stuðning þess að valdsmaður héraðsins lét þá gjalda skatt og naut því hagnaðar af striti bóndans.

Þegar litið er til landnáms Íslands ber að hafa í huga að ásókn mannsins til auðs og valda er sú sama á öllum tímum. Gildir þar einu hvort einstaklingurinn er herkonungur flökkupjóðar á þjóðflutningatímum, foringi á ónumdum fjörum Íslands eða nútímamaður sem á þess kost að sölsa undir sig heila góðsveit. Enginn þessara er líklegur til að skammta sér minni auð og völd heldur en hann getur náð og það nánast án fyrirhafnar. Hvenær hafa vopnaðir menn með mannaforráð skammtað sér minni auð og völd en þeir gátu tekið?

Ég er sammála því að við landnám Íslands hafi hinar germönsku reglur um landnýtingu gilt. Það er að segja að hópur fólks sem laut forystu eins manns; landnámsmanns, helgaði sér ákveðið svæði, oft afmarkað landfræðilega. Landnáma er full af þannig frásögnum og minnisstæð er frásögn Egilssögu af landnámi Skalla-Gríms. Skalla-Grímur nam allt Borgarfjarðarhérað frá sjó til jökla. Sagan lýsir því síðan hvernig hann byggði samferðamönnum sínum misstórar jarðir úr landnámi sínu. Það er ljóst að hann jók auð sinn og völd með því að leyfa fólki að byggja landnámið, fólki sem var honum háð, aflaði honum fjár og treysti völd hans.

Í stórum héraðum var nauðsyn að fleiri en þeir sem bjuggu við heiðarbrún ættu upprekstrarrétt á heiðina. Landnámsmaður og arftakar hans höfðu afl til að koma á reglum um slíka sameign. Fráleitt er að þeir hafi álitnið slíkan almenning eigendalausán. Héraðsmenn áttu almenninginn. Benda má á að Haraldur hárfagri og niðjar hans slógu eign sinni á fjalllendi Noregs svo ekki var það heldur eigendalausán.

Heiðarland upp af stórum héruðum þar sem margföld bæjarröð var frá sjó til fjalls varð almenningur eða sameign slíks héraðs. Þess munu jafnframt dæmi að hagsmunir landnáma rákust á þegar heiðarlönd þeirra lágu saman og engin náttúruleg hindrun kom í veg fyrir samgang. Almennungur í öðrum landshornum höfðu menn á hinn bóginn ekki rétt til að nytja.

Í málsmeðferð ríkisvaldsins eru að því gerðir skórnir að til að land væri numið til fullrar eignar hafi þurft að “*brjóta*” það og nytja á “*ársgrundvelli*”. Þetta er hvortveggja hinn mesti þvættingur. Hversu stórt land plægðu landnámsmenn með sínum örðum? Eru kornakrar á norðurslóð nytjaðir á “*ársgrundvelli*” ?

Allt fram á tuttugustu öld var öll heyöflun, hvort heldur var af túnum eða útengjum af óbrotnu landi með sínum upprunalega gróðri. Vissulega munu landnámsmenn hafa höggvið og brennt rjóður í skóglendi til að auka slægjuland. Eitthvað land brutu þeir með sínum frumstæða arði og gerðu þannig akurgerði og línakra. Flatarmál þess lands sem notað var til annars en beitar var hverfandi.

Það land sem var notað til annars en beitar var svo það helsta sé talið:

Tún og engi til slægna, fuglabjörg og eggver til veiða, dún- og eggjatínslu, reka-, beitar- og sölvafjörur, útræði, veiðar í vötnum og ám, fjallagrasa- og berjatínsla, melskurður, gæsaver, samanber Gásarsandur, hvannskurður, skógarnytjar til kolagerðar, mótekja og ræktun korns og annara nytjajurta. Drjúgur hluti þessara hlunninda er við sjó og vötn. Þá er það bábiljan um að eignarlönd hafi ekki verið í meira en 300 m hæð yfir sjó. Það er að sjálfsgöngu rétt að gróður minnkar með vaxandi hæð yfir sjó. Vitað er að gróður náði mun hærra við landnám. Væntanlega hefur búsmali landnámsmanna elt nýgræðinginn þegar hann lifnaði í fjalllendi eftir því sem leið á sumarið, rétt eins og nú. Í Eglu segir frá

Því að Skalla-Grímur veitti því eftirtekt að sá búsmali sem á fjalli gekk var vænni. Vildi hann þá ekki að hann og hans héraðsmenn ættu fjalllendið? Þótt land hafi víða verið numið til fullrar eignar tel ég að óathuguðu máli að vegna fjarlægðar frá byggð hafi hluti af miðhálandi Íslands ekki verið numinn til fullrar eignar.

“Afréttur“ og landnám Loðmundar hins gamla

Í elstu lögum landsins, Grágás og Jónsbók kemur fram að afréttur getur verið eign einnar jarðar eða jarðartorfu. Það er að vísu svo að oft er afréttur jafnframt almenningur. Íslenskir bændur hafa allt fram á síðustu öld rekið fráfarulömb á afrétt. Í því samhengi hefur orðið á sér þann merkingarblæ að um sé að ræða fjallendi fjarri bæ og kvíaám. Í landnámu segir að: “*Loðmundr inn gamli nam land milli Hafrsár ok Fúlalækjar,*” Þessar ár renna og runnu þá frá jökli til sjávar. Landnáma segir sem sagt að Loðmundur hafi helgað sér allt land milli þessara vatnsfalla. Var hann ekki landnámsmaður? Þarf þá frekari vitna við! Hann og hans fólk áttu allt þetta land. Hér er hin landfræðilega afmörkun skýr; vatnsföll, haf og jökulhvel. Það er varla hægt að kalla það stórhug að nema þetta land sér og sínum í einu lagi. Slíkar eru fjarlægðirnar. Var Loðmundur hinn gamli svo duglaus að hann helgaði sér ekki Hvítmögu?

Eyjafjöll og Mýrdalur voru vegna landfræðilegra aðstæðna numin í ræmum frá sjó að jökli. Sú skipan að skipta landinu í ræmur gekk svo langt að Ytri-Sólheimatorfa hefur snemma aðskilist frá austurhluta landnáms Loðmundar. Þar með varð torfan ein efnahagsleg eining sem átti sameiginlega hagsmuni innbyrðis óháð þeim sem bjuggu vestar eða austar. Það var og er eðlilegt vegna aðgengis að Hvítmaga sé eignarland Sólheima.

Með tilkomu bændakirkju á Ytri-Sólheimum opnast kirkjueigendum leiðir til að auðgast. Líklegt má telja að ítaksréttur Miðbæliskirkju í Hvítmögu hafi verið tilkominn vegna einhverra hagsmuna Ytri-Sólheimaeigenda þar í mót, líkt og var með ítök Hvolsmanna og Sólheiminga.

Hvítmaga og “*norður í jökul*“

Í gömlum skjölum sem lýsa mörkum á milli jarða við Eyjafjalla- og Mýrdalsjökul kemur þrífaldlega fyrir orðalagið “*norður í jökul*“.

Það er alþekkt að skjöl eins og kaupsamningar, afsöl, lögfestur og landamerkjabréf ofl. eru með stöðluðu orðalagi. Þetta orðalag er oft svo fast að prentuð eru eyðublöð þar sem aðeins þarf að fylla inn í nokkur orð.

Það virðist svo að orðalagið “*norður í jökul*“ sé þeirrar gerðar. Það vísar með öðrum orðum til þess Jökuls sem er að baki byggðinni og skapar henni endimörk. Þá gildir einu hvað sá jökull heitir nú.

Í grein Odds Sigurðssonar jarðfræðings, um þjóðlendumál, kemur fram að fyrri tíðar menn höfðu ekki eitt heiti yfir hvert jökulhvel eða meginjökul. Í því samhengi má benda á að vesturhluti Mýrdalsjökuls hét á miðöldum Sólheimajökull.

Vesturmörkum Sólheimatorfu er í nokkrum gömlum textum lýst.

Í þremur þessara texta er fyrrgreint orðalag.

Þessir textar eru:

1. Lögfesta fyrir Ytri-Sólheima frá 1789
2. Lögfesta fyrir Eystri-Skóga frá 1839
3. Skrásetning um landamerki Eystri-Skóga þ. 9. nóvember 1885

Í skjalinu frá 1839 segir:

“...úr Fjörumarki norður ad Fjallgili og þadan sýdann norður í Jökul. “

Í skjalinu frá 1885 segir:

“...Einungis er hér lýst mörkum á milli nefndrar jarðar Eystri-Skóga og Ytri-Sólheima, bæði eftir sögu núlifandi manna og svo líka eftir þeim skjölum og skilríkjum sem ég undirritaður í höndum hefi...þá liggur merkjalínan austur úr votugjá, fyrir framan Skógafjall og austur í gilgljúfrið sem er á milli Hvítmögu og Skógafjalls, svo ræður áin í síðastnefnda gljúfri marki norður í jökul...”

Hér er án tvímæla lýst mörkum þar sem Hvítmaga er talin land Sólheima og ”norður í jökul“ er skriðjökullinn í botni Jökulsárgils “efra”

Í skjalinu frá 1839 stendur m.a.:

“...úr Fjörumarki norður ad Fjallgili og þadan sýdann norður í Jökul...”

Sporður Sólheimajökuls var á þessum tíma nærfellt á markalínunni sunnan við Fjallgil. Mörkin liggja síðan um mynni Fjallgils stuttan spöl norður eftir því og beygja þá í austur eftir Votugjá.

Sporður Sólheimajökuls kom að markalínunni sunnan við Fjallgil úr austri. Ef staðið er þarna á markalínunni; við mynni Fjallgils, er viðkomandi miklu fremur norðan við jökulsporðinn en sunnan. Á þessum tíma mun jökullinn ennfremur hafa verið meiri að vexti og spyrt í fjallið úr austri. Jökulsporðurinn hefur því beygt meira suður á aurinn og verið mestanpart sunnan við þennan markastað. Þetta sést ljóslega á Herforingja-ráðskortinu frá árinu 1905.

Í ljósi alls þessa skulum við lesa aftur orðin:

“...úr Fjörumarki norður ad Fjallgili...”

Það verður væntanlega ekki um það deilt hvaða stað er verið að lýsa með þessum orðum. Úr suðri farið norður að Fjallgili er áfangastaðurinn mynni gilsins mót suðri við Litlafjall. Þegar komið er að þessum títtnefnda markastað; “*norður ad Fjallgili*“, er enginn Sólheimajökull norðan við eins og Óbyggðanefnd ályktaði í úrskurði sínum.

Það er ljóst að Sólheimajökull var SUNNAN VIÐ mynni Fjallgils.

Í ljósi allra annara heimilda og fullrar vitneskju þeirra sem nú lifa er ljóst að þegar skrifuð er:

“og þadan sýdann norður í Jökul...”

Að átt er við að mörkin liggi inn í Fjallgil og beygi því næst austur úr Votugjá og liggi loks um Jökulsárgil hið “efra”. Því enda mörkin í Mýrdalsjökli eða skriðjökli hans í Jökulsárgili vestan Hvítmögu.

Að þessu sé svo varið staðfestist með því að skoða meðfylgjandi loftmynd og Herforingjaráðskortið frá 1905. Á loftmyndinni er rauð ör við mynni Fjallgils. Hér er verið að lýsa mörkum þar sem Hvítmaga er greinilega land Sólheima.


Árið 1789 er gerð lögfesta fyrir Ytri-Sólheima í henni er m.a. eftirfarandi:

“...Landamerkin eru ad vestanverdu Jökulsáar gamli Farvegur frá Sjó og nordurí Jökul...”

Í ljósi undanfarandi merkingar orðanna “norður í jökul” ber að skilja lögfestuna svo að verið sé að lýsa mörkum um Jökulsárgil “neðra” og Jökulsárgil “efra” norður í skriðjökulinn í Jökulsárgili “efra”. Hinn forni farvegur Jökulsár var eftir báðum giljunum.

Í ljósi allra þessara hugleiðinga um orðalagið “*norður í jökul*” er eðlilegt að álykta að lögfestan frá 1789 lýsi mörkum á þann veg að “*nordurí Jökul*” sé átt við Mýrdalsjökul og Hvítmaga sé því eignarland Ytri-Sólheima.

Loftmynd af svæði því sem er til umfjöllunar, aldur myndarinnar er óviss.




Hluti af korti Danska herforingjaráðsins frá árinu 1905

Sólheimajökull var allur meiri og aðgangsharðari en nú og þrýstist að Skógafjalli og Litlafjalli frá austri. Til fróðleiks er Jökulsárlón sem hlaupin komu úr merkt inn á kortið.

Glöggst sést að sporður Sólheimajökuls er fremur sunnan við örvarendann en norðan.

GENERALSTABENS



Hvítmaga "...eign Ytri-Sólheima"

Í heimildum er oft tilgreint að Hvítmaga sé "eign" Ytri-Sólheima eða Sólheimaeigenda. Það er gert án þess að tilgreina nánar eða skammta hversu algjörlega Hvítmaga sé eignarland Ytri-Sólheimajarða.

Það sama gildir raunar um flestar einkaeignir. Þegar sagt er: "Jón á þennan bíl" vita allir við hvað er átt.

Hér koma nokkur dæmi um Hvítmögu sem eign. Undirstrikun á texta er ekki í frumtextanum en gerð hér til glöggvunar.

Sýslu og Sóknarlýsingar um 1840, ritað af séra Stefáni Stefánssyni á Felli.

Þar fyrir ofan klýfst jökullinn í sundur og umgirðir á þrjá vegu afréttarland Sólheiminga, Hvítmögu. Ganga þeir haust og vor yfir þann jökultangann, sem nær þeim er, í Hvítmögu...

Til 32rs. <Afréttarlönd>...og Sólheimingar eiga sjálfir afrétt, er þeir árl(ega) brúka, Hvítmögu.

Í fasteignamati 1849 fyrir Hvol er lýsingin þessi:

... geta framfleytt 12 kúm og 360 fjár, og útheimtir hún töluverðan mannafla vegna heyskaparins en er annars hæg. Lambaupprekstur eiga Hvolamenn í Hvítmögu mót engjaítaki í Hvolamýri sem Sólheim.. (?) ytri eiga.

Fasteignamat 1849 fyrir Sólheimahjáleigu er eftirfarandi:

217. *Sólheimahjáleiga ½ Bændaeign[,] ½ kirkju. Túnin eru stór, greiðfær og grasgéfin, fóðra 4 kýr, eingjar í meðallagi nefnilega snögg mýri, en útvallendi heldur gott, hagar í samfélagi við Ytri Sólheima og eru þeir einhvörjir hinir bestu sumar og vetur og líka góð hrossabeit. Fjara rekasæl fylgir jörðunni Sólheimum ytri og á hjáleigan, sem að undanförmu hefir verið talin partur úr Ytri Sólheimum, að því leiti tiltölu til hennar, líka á hjáleigan tiltölu til eingjaítaks í Hvolalandi mót lambaupprekstri í Hvítmögu, sem Ytri Sólheimar eiga. Hjáleigan álfst að geta framfleytt 4 kúm og 200 fjár og er sérlega hæg, og þótti jarðamatsmönnum ekki mega virða hana saman við Ytri Sólheima, hvarundir hjáleigan heyrir, vegna þess tún hennar fyrir betri rækt er orðin langtum afkomumeiri og betri enn á heimajörðinni.*

Endurtekið:

...líka á hjáleigan tiltölu til eingjaítaks í Hvolalandi mót lambaupprekstri í Hvítmögu, sem Ytri-Sólheimar eiga...

Fasteignamat 1849 fyrir Ytri-Sólheima er eftirfarandi:

218. Ytri Sólheimar ½ Bænda[,] ½ kirkju eign. Túnin eru stór, heldur háland og að meiri hluta þýfð, en grasgæfin það sem ræktað verður, fýðra 10 kýr og standa þau til bóta, eingjar eru vallendisslæur þverbrestasamar og mýrar ítak í Hvolalandi litíð, hagar einhvörjir hinir bestu sumar og vetur og hrossabeit góð og eru þeir í sameign við Sólheimahjáleigu. Fjara fylgir rekasæl og á hjáleigan litla tiltölu til hennar. Afrétt í svonefndri Hvítmögu á jörðin nægan fyrir sig og er jörð þessi heldur örðug en fremur góð undir bú og álítt hún að geta framfleytt 10 kúm og 600 fjár.

Endurtekið:

...Afrétt í svonefndri Hvítmögu á jörðin nægan fyrir sig...

Í fasteignamatsgögnunum frá 1918 eru eftirfarandi umsagnir um Hvolshjarðir:

3. Sem ítak á jörðin rjett til lambauppreksturs í Hvítmögu í Ytri-Sólheimalandi, að holum ingi við jarðarðir, eða fyrir 150 lóm frá háðum Hvolshjarðum. Einnig eru munni meli um slægjuítak

“...Sem ítak á jörðin rjett til lambauppreksturs í Hvítmögu í Ytri-Sólheimalandi...”

Og enn

Slægjustykki brytas og árlaga rökkuð af hólum landinum.
2. Slægjuítak eiga Ytri-Sólheimajarðir í svonefndri Sólheimamýri í landi jarðarinnar á móti áðurnefndum lambaupprekstri í Hvítmögu.

“...Slægjuítak eiga Ytri-Sólheimajarðir í svonefndri Sólheimamýri í landi jarðarinnar á móti áðurnefndum lambaupprekstri í Hvítmögu.”

Þá koma matsgögn Ytri-Sólheimajarða, hér Sólheimakot.

3. Sem ítak eiga Ytri-Sólheimajarðir slægjustykki í svokallaðri Sólheimamýri í Hvolshlandareign.

“...Sem ítak eiga Ytri-Sólheimajarðir í slægjustykki í svokallaðri Sólheimamýri í Hvolshlandareign”

Og enn

1. Sem útak á móti Sólheimamýri, hafa Hvolsjarðir rjett til 150 lamba uppreksturs í Hvítmögu, sameign Ytri-Sólheimajarða.

“...Sem útak á móti Sólheimamýri, hafa Hvolsjarðir rjett til 150 lamba uppreksturs í Hvítmögu, sameign Ytri-Sólheimajarða”

Þá kemur klippa úr örnefnaskrá Ytri-Sólheima sem Þórður Tómasson í Skógum skrifaði árið 1967. Hér kemur fram að landið; Hvítmaga, er í eigu Ytri-Sólheima.

Kom 19/11 1967.

Dyrhólahreppur:

Ytri-Sólheimar

Hvítmaga

Hvítmaga er fjallendi eða afréttur í eigu Ytri-Sólheima, er liggur milli Skógafjalls og Sólheimajökuls, sennilega hið sama og nefnt er Hvítmagafell í málögum Miðbælis Kirkju undir Eyjafjöllum frá miðöldum, en þangað átti Miðbælis Kirkja upprekstur fyrir geldfé. Hvell í Mýrdal átti beitarítak í Hvítmögu, móti Sólheimamýri í Hvelslandi. Háku Hvelsbændur fráfarulömb sín í Hvítmögu ár hvert.

Leiðin í Hvítmögu liggur um Sólheimajökul. Hann hefur lækkað ákaflega mikið á seinni árum. Neðan við Hvítmögu var breytilegt jökullén. Óx það jafnt og þétt á vissum tímum, unz það braut jökulsporðinn, eða lyfti honum, og urðu þá hin alþekktu hlaup í Jökulsá. Á þeim tíma lá jökulsporðurinn allt vestur á Skógafjall, fyrir framan Hvítmögu. Þarna er nú breitt bil, jökullaust.

Örnefni í Hvítmögu eru sem hér segir: Jökulsárgil (1) liggur vestan að Hvítmögu en Sólheimajökull að austan, og er hans getið í örnefnaskrá Ytri-Sólheima. Sólheimajökull er, sve sem alkunnugt er, hluti af Mýrdalsjökli. Fram um hann hafa komið hin stérkestlegu jökulhlaup, sem um getur í Landnámu. Jökulsárlón (2) eða Lónið eins og það var eftast kallað, var framan við Hvítmögu, sem fyrr segir.

Tvær heimildir um Hvítmögu og þó einni betur

Gísli Sveinsson sýslumaður Skaftfellinga skrifar þ. 16. sept. 1920 bréf til Stjórnarráðsins sem svar við fyrirspurn. Þar kemur fram að hann telur enga almenninga vera til í Dyrhólahreppi. Samkvæmt þeim skilningi er Hvítmaga eignarland Ytri-Sólheima.

Samningur milli Hvolsmanna og Sólheiminga, undirritaður að Hvoli 5. júlí og Ytri-Sólheimum 8. júlí 1922. Þar segir m.a.:

Ítak Hvolssjarða upprekstur í Hvítmögu í Sólheimalandi, og ítak Sólheimajarða, slægja í Sólheimamýri í Hvolsslandi. Að vjer skiftum nú þessum ítökum, svo að eignarjarðir vorar Hvoll og Ytri-Sólheimar hjeðan í frá hafi óskertan sinn rjett, þeirra vegna, og gefum hverir öðrum afsal fyrir þessum forna ítaksrjetti þannig.

Að vjer eigendur Hvolssjarða í Dyrhólahreppi í V.-Skaftafellssýslu afsölum frá oss rjetti til lambauppreksturs í Hvítmögu í Ytri-Sólheimalandi til eigenda Ytri-Sólheimajarða, gegn sams konar afsali frá þeim á slægjuítaki þeirra í Sólheimamýri og hjer á eftir er ritað.

Og vjer eigendur Ytri-Sólheimajarða í Dyrhólahreppi í V.-Skaftafellssýslu afsölum hjer með frá oss rjetti þeim til slægjuítaks í Sólheimamýri í Hvolsslandi er jarðir vorar hafa átt mót ofanrituðu afsali eigenda Hvolssjarða á útaki þeirra í Hvítmögu, og til þeirra.

Skulu þessi skifti gerð fyrir oss og vora eftirkomendur, án neinnar milligjafar, eða skilorða. Samningi þessum skal þinglýsa á kostnað hlutaðeigenda og greiða sinn helming hvorir málaðilar, og gildir frá þeim degi, að þinglýst er.

Í endurminningum sínum segir Eyjólfur á Hvoli m.a.:

Hvolssbændur áttu upprekstur í Hvítmögu fyrir 150 lömb og Sólheimingar ítak í Hvolsslandi þar sem nefnd var Sólheimamýri. Í Sólheimamýri var allgóð slægja en hún beist af öllum gripum svo Sólheimingar voru hættir að geta slegið þar. Vildu þeir þá nota hrossabeit en það liðu Hvolssmenn ekki því einungis var um slægjuítak að ræða. Voru Sólheimingum svo engin not af þessu útaki, en Hvolssbændur notuðu uppreksturinn í Hvítmögu mjög í óþökk Sólheiminga.

Ástæða þess að Hvolssmenn voru reiðubúnir til að semja við Sólheiminga árið 1922 um hina gagnkvæmu ítaksrétti mun hafa verið sú að fráfarur voru þá aflagðar og Sólheimingar gátu meinað Hvolssmönnum að nýta beitarítakið. Sá ítaksréttur var bundinn því að Hvolssmenn rækju lömb í Hvítmögu. Þannig var þá komið að hvorugur málsaðili gat nytjað ítaksrétt sinn og því báðum ljúft að falla frá þessum fornu ítaksréttum. Þar sem Hvítmaga er eignarland Ytri-Sólheima gátu og geta Sólheimingar rekið þangað dilkær og nytjað hana þannig áfram.

Kárahnjúkum 15. maí 2006

Tómas Ísleifsson